




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Vesturborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans – Vinátta og virðing.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	5
4 Innra mat Sólborgar, Skýjaborgar og Mánaborgar	7
5 Innra mat sérkennslu – Greinargerð sérkennslustjóra	8
6 Innra mat – fjöltyngd börn	11
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	12
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
9 Foreldrasamvinna	13
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
11 Fylgigögn.....	14
11.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	15



Leiðarljós leikskólans – Vinátta og virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið var einstakt eins og fyrri ár. Aðalbygging leikskólans var tekin í gegn og raki lagaður í öllu húsinu. Geymslur í hálofti voru teknar og hefur því lofthæð hækkað verulega og dagsbirta aukist inni á deildum. Með hækkun á lofthæðinni versnaði hljóðvistin til muna sem hefur einnig áhrif á starfsemina. Markmiðið er að koma því í lag sem fyrst. Framkvæmdunum fylgdi mikið rask því deildar þurftu að flytja sig fram og til baka innan leikskólans og nýta hin ótrúlegustu rými. Vegna húsnæðis og starfmannabreytinga var erfitt að framfylgja öllum áætlunum sem undirbúnar höfðu verið fyrir skólaárið. En við erum þó ánægð með starfið og þrátt fyrir allt var margt sem gekk vel. Starfsfólk á hrós skilið fyrir vel unnin störf undir álagi og foreldrar fyrir að hafa sýnt skilning á aðstæðum.

Sameina þurfti 3 deildar í tvær og fannst okkur tími til kominn að breyta aðeins til og endurnefna deildirnar. Okkur langaði hafa ákvörðunina lýðræðislega og virkja foreldra, börn og starfsfólk í að koma með hugmyndir. Þess vegna bjuggum við til opin hugmyndakassa á netinu og sendum tengil á alla foreldra og starfsfólk. Við hvöttum þau til að koma með hugmyndir á nýju deildirnar bæði frá sér og börnunum. Við fengum þónokkrar hugmyndir og nokkrar komu fram mörgum sinnum. Við tókum fyrir þær hugmyndir sem komu fram oftast þær voru: Sólborg & Skýjaborg, Lóuborg & Krummaborg og Sjónarhóll & Kattholt. Við bjuggum svo til atkvæðaseðil með myndum og spurðum hvert einasta barn um hvað af þessum tillögum þau kysu sem nýjar deildar. Starfsfólk fékk líka atkvæðisrétt. Það var mjótt á munum en að lokum var það Sólborg & Skýjaborg sem bar sigur úr bítum.

Þetta ár hefur verið lærdómsríkt og horfum við björtum augum á framtíðina. Við ætlum að einbeita okkur að jákvæðum og góðum starfsanda á meðal starfsfólks og barna og leggja áherslu á leiðarljós leikskólans um vináttu og virðingu á öllum sviðum leikskólastarfsins.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Læsi- orðaforðabema	Fara átti yfir skráningu á deildarfundum einusinni í mánuði	Deildarstjórar og starfsfólk	Gekk vel á yngri deild að leggja áherslu á að finna leiðir til að leggja inn ákveðin orð í leik og í daglegu starfi. Erfiðlega gekk að halda deildarfundum. Tækifæri til umbóta er að auka við efnivið til þess að efla orðaforða.
Þróá áfram verkefnið: <i>Stjarna vikunnar</i>	Verkefnið rætt á stjórafundum og við börnin	Deildarstjórar og starfsfólk á deildum ásamt börnum	Gríðarlega gott tækifæri til að styrkja tengsl milli heimila og leikskólans. Börnin kynna sig og sjá aðra og var gríðarlegur spenningur hjá börnunum að koma sínu plaggati upp á vegg. Verkefnið er einstaklega skemmtilegt í alla staði
Efla hljóðkerfisvitund á elstu deild	Átti að ræða á deildarfundum og endurmat að fara fram um áramót	Deildarstjóri og starfsfólk	Börn í útskriftarhóp fengu mikið af markvissri málörvun og verkefnum til að efla hljóðkerfisvitund. Tækifæri til umbóta er að yngri hópurinn fái líka að leika sér og æfa sig í svipuðum verkefnum sem henta yngri aldurshóp

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Móttaka nýliða	Tekin voru samtöl með nýliðum	Aðstoðarleikskólastjóri og nýir starfsmenn leikskólans	Gekk vel að fylgja þessum umbótaþætti eftir. Það sem mætti bæta er sérstök kennsla á Völu og Vinnustund.
Rafrænn hugmyndakassi fyrir foreldra	Fara átti yfir hugmyndir úr	Leikskólastjóri	Vegna aðstæðna náðist ekki að koma þessum þætti í farveg. Munum nýta hugmyndakassa



	kassanum.		fyrir foreldra aftur í umbótaáætlun 2023-2024
Hugmyndakassar fyrir starfsfólk	Fara átti yfir hugmyndir úr kassanum	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Hugmyndakassa var komið fyrir í kaffistofu en var lítið notaður. Hugmyndin er að gera hann í rafrænu formi í líkingu við rafrænu lausnina við hugmyndum foreldra. Með því er einnig hægt að spara pappír

3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Kveikja í glæðum lærdómssamfélagi	Innan veggja leikskólans erum við rík af reynslumiklu m mannauð sem ber að nýta betur og gefa starfsfólki tækifæri til að blómstra í starfi með dreifðri forystu, góðum leikskólabrag og menntun barna að leiðarljósi	Gæta þess að halda Deildarfundum, stöðufundum, fagfundum og teymisfundum og gefa fólki rými til undirbúnings. Stofna málörvunarteymi þvert á deildar leikskólans	Skólastjóri í Aðstoðar-skólastjóri	Vor 2023	Er í stanslausri þróun	Metið í lok skólaárs hvernig teymin og stjórnendur hafa starfað og hvað þarf að bæta.	Að starfsfólk og stjórnendur nái að funda reglulega, rýna í starfið og bæta.
Uppeldis- og menntastarf							
Upplýsa foreldra um stefnu, leiðarljós leikskólans og daglegt starf	Gæta þess að foreldrar séu vel upplýstir um stefnu og daglegt starf innan leikskólans	Upplýsingafundur í byrjun árs þar sem stefna leikskólans og áætlun kynnt fyrir foreldrum Finna leiðir til að auðvelda starfsfólki að senda myndir	Sólastjóri/Aðstoðar-skólastjóri og deildarstjórnar	Vor 2023	Júní 2024	Meðalskor spurninga í viðhorfskönnun foreldra metin frá árinu áður.	Meðalskor við spurningu um stjórnun og stefnu leikskólans hækki



		og fréttir til foreldra					
Börnin taki virkan þátt í að meta leikskólastarfið	Gefa börnum færi á að hafa beint áhrif á leikskólastarfið og námsumhverfi	Börnum gert kleift að taka þátt í gerð og eiga hlut í starfsáætlun leikskólans	Deildarstjórar	Febrúar 2024	Júní 2024	Deildarstjórar framkvæma mat með börnum-skapa umræður og jafnvel kosningar	Niðurstöður á mati barnanna koma fram í næstu starfsáætlun
Fræða starfsfólk betur um stefnu leikskólans	Gæta þess að starfsfólk sé vel upplýst um stefnu leikskólans og vinni eftir henni	Upplýsa og stofna samræður um þá uppeldissyn og kenningar sem leikskólinn vinnur eftir. Kynning og umræðupunktur á starfsdegi sem og samræður og fundarhöld dags daglega	Aðstoðarskólastjóri	Ágúst-Septem ber	Júní 2024	Taka saman umræðupunkta starfsfólks á starfsdegi.	Stefnan sýnileg í vinnuumhverfi starfsfólks
Mannauður/ Leikskólabragur							
Stofna skemmtinefnd	Tveir til þrjár starfsmenn sitja skemmtinefnd og skipuleggja hittinga og fjáraflanir	Gefa skemmtinefnd færi á að skipuleggja skemmtanir starfsmanna	Aðstoðarskólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Skemmtinefndin metur hvernig gekk Könnun gerð á meðal starfsfólks	Að starfsfólkið hafi fleiri tækifæri til að eiga góðar stundir saman
Innra mat							
Starfsmannakönnun	Leikskólinn sé upplýstur um líðan starfsfólks	Leikskólinn taki þátt í starfsmannakönnun 2023-2024 og að þátttaka sé með besta móti	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Haust 2023	Vor 2024	Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar metnar	Að flestir/ef ekki allir starfsmenn taki þátt í starfsmanna könnuninni



4 Innra mat Sólborgar, Skýjaborgar og Mánaborgar

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Ferilmöppur og skráning á leik og námi barnanna	Stefnt er að því að koma ferilmöppum aftur í gang og nota til þess Book Creator	Haldin verður kynning í upphafi árs fyrir alla starfsmenn um skráningu og Book Creator	Deildarstjóri Sólborgar kennir á appið Sérkennslustjóri/aðstoðarskólastjóri kynnur hvað og hvernig skráning fer fram í daglegu starfi	Ágúst 2023	Júní 2024	Safna skal gögnum í rafrænu formi. Ræða framvindu á deildarfundum og fagfundum	Hvert barn leikskólans á rafræna ferilmöppu þar sem áherslan er á leik, sköpun og áhugasviði barns
Dreifð ábyrgð í markvissri málörvun	Markviss málörvun eigi sér stað inni á öllum deildum Starfsmaður valinn af hverri deild í málörvunarteymi	Málörvunarteymi stofnað. Einn starfsmaður af hverri deild verður hluti af teyminu ásamt sérkennslustjóra. Málörvunarteymi hittist mánaðarlega á teymisfundum	Sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Málörvunarteymi gerir fundargerðir og á í virku samtali við annað starfsfólk deilda	Að fleiri starfsmenn sinni markvissri málörvun inni á deildum og fá stuðning frá hvor öðrum og sérkennslustjóra
Óskir barnanna til að bæta efnivið í leik.	Börnin voru spurð hvaða efnivið í leiksólasterfinu þarf að bæta og var svarið að nauðsynlegt er að fjölga segulkubbum og efnivið í hlutverkaleik	Stjórnendur munu leggja áherslu á að auka við magn og fjölbreytileika segulkubba t.d. að bæta við kúlubraut. Bæta við verðlausu efni í hlutverkaleik og bæta aðstöðu fyrir leikinn.	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri og Deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Börnin athuga hvort vel hefur tekist til í lok árs Börn taka myndir af efniviðnum að vori og aftur að hausti og berum saman.	Börnin taka virkan þátt í að meta leikskólasterfinni



5 Innra mat sérkennslu – Greinagerð sérkennslustjóra

Vegna viðgerða á húsnæði nýtti sérkennslan sér undirbúningsherbergi í gám á lóð leikskólans. Það gekk vel í fyrstu en vatnsskemmdir urðu í frostinu í vetur og það flæddi vatn um allan gáminn. Sérkennslan flutti allan efnivið í starfsmannaskápa og var starfandi með engan samastað, svolítið flæðandi það sem eftir var af skólaárinu. Allt gekk þó vel með útsjónarsemi og jákvæðni sérkennsluteymisins að leiðarljósi.

Ég gerði tvær starfendarannsóknir á fráfaramandi skólaári. Í nýju hlutverki þurfti ég að finna nýjar leiðir til að vinna samkvæmt eigin starfskenningu um lýðræði barna, umhyggju og tengslamyndun. Markmið rannsóknarinnar að hausti var að efla tengsl og bæta samskipti mín við þau börn sem áttu í litlum/neikvæðum samskiptum við kennara og starfsfólk leikskólans og þeirra barna sem einhverjar áhyggjur voru af. Lang flest börn sem áttu í litlum samskiptum við kennara og starfsfólk voru börn með íslensku sem annað mál. Ljóst er að hér er tækifæri til úrbóta í leikskólastarfinu og mun umbótaáætlun fjöltungis taka þennan þátt föstum tókum fyrir næsta skólaár (bls. 11). Samkvæmt Menntastefnu Reykjavíkurborgar og menntun barna án aðgreiningar er mikilvægast að öllum börnum sé gert kleift að tilheyra hópnum, taka þátt og læra. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru gleði og húmor gríðarlega sterk tæki til þess að mynda góð tengsl við börnin og snúa neikvæðri hegðun í jákvæða.

Eftir áramót var viðfangsefni rannsóknarinnar að kortleggja hvað má betur fara í skipulagi sérkennslu leikskólans og gera tilraun til að leysa úr togstreitu sem myndast þegar það er mikil og langvarandi mannekla og stuðningsstarfsfólk þarf að taka að sér önnur verkefni eða afleysingar. Gerðar voru tillögur af úrbótum og næstu skrefum sem fara beint í umbótaáætlun sérkennslunnar.

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Barn sem þáði sérkennslu var með sína einstaklingsnámskrá. Út frá henni var unnið að skammtíma og langtíma markmiðum. Einnig var vikuskipulag þar sem kom fram hvar og hvenær stuðningsstarfsmaður var við höndina- þegar mesta þörf var á eða þegar sérstakar þjálfunarstundir áttu sér stað. Skráning var í möppu hvers barns þar sem skrifað var eftir hvern tíma hvernig
---	---



	gekk. Eins var skráning í formi Atferlisíhlutunar hjá einu barni. Elstu börn þáðu sérstaka málörvun eftir niðurstöðu Hljóm-2 prófsins og átti sú stund sér stað í hádeginu á hverjum degi. Það var einnig skráð í sérstaka möppu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS er notað af deildarstjórum, AEPS er notað við gerð einstaklingsnámskrár , Hljóm-2, EFI-2 og Íslenski þroska listinn.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni var mjög fjölbreytt eftir áhugasviði barna og frjóum hugmyndum starfsfólks. Bæði voru notuð aðkeypt námsgögn og „heimagerð“ en ávallt var áherslan á áhugasvið barnanna sem fá sérkennslu. Mikið var notað af myndum í formi stýringar inni á deildum, upplýsingar um dagskipulag og fyrir börn sem nýta myndir til tjáningar- þá sérstaklega við matarborð. Næstu skref er að hefja Pecks-þjáfun fyrir næsta ár.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiða PECS	Gera barni kleift að tjá sig með myndum	Sérkennslustjóri og stuðningsstarfsfólk fer á PECS námskeið. Börnum sem þurfa á að halda kennt að nota PECS til tjáningar	Sérkennslustjóri	Hasut 2023	Vor 2024	Sérkennslustjóri og stuðningsstarfsfólk skráir og metur hvernig barni og starfsfólki gengur að tileinka sér notkun PECS	Að barn í sérkennslu geti tjáð sig með PECS og að allir starfsmenn skilji og taki virkan þátt í PECS samskiptum við barnið
Skóli án aðgreiningar	Sérkennslan verði næstum alfarið inni á deildum Auk sérkennsluteymisfunda verði	Upplýsingar um kennslu og aðferðir berist til allra starfsmanna og deildarstjóra á deildarfundum.	Sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Sérkennslustjóri skipuleggur og ræðir málefni sérkennslunnar á fundum og skráir niður samræður sem eiga sér stað í framhaldi og ákvarðanir sem	Að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa frá öllu starfsfólki skólans og að allt starfsfólk



	<p>sérkennslustjóri á deildarfundum og ræði sérkennslu og verkefni sem fer fram á deildinni enda berir allir ábyrgð á að börn fái þá þjónustu sem þau þurfa</p> <p>Markmið sérkennslunnar skulu vera skýr og aðgengileg</p>	<p>Stuðningsstarfsfólk ásamt sérkennslustjóra ber ábyrgð á hvernig sérkennslan fer fram en allir starfmenn leikskólans þurfa að vita og framfylgja markmiðum sérkennslunnar.</p>				<p>voru teknar.</p>	<p>deildar sé á sömu blaðsíðu og viti að hvaða markmiðum er verið að vinna í.</p>
<p>Efniviður aðgengilegur</p>	<p>Efniviður sé aðgengilegur starfsfólki og sé flokkaður niður eftir þemu</p>	<p>Sérkennslustjóri og annað starfsfólk vinnur að því að flokka og skipuleggja efnivið til kennslu í leik og málörvun. Gæta þarf að efnið sé aðgengilegt skipulagt og raðað eftir þörfum og skilað á réttan stað eftir notkun.</p>	<p>Sérkennslustjóri, málörunarteymi, deildarstjórar</p>	<p>Haust 2023</p>	<p>Vor 2024</p>	<p>Sérkennslustjóri metur stöðuna í lok árs og ákveður næstu skref og hvað þarfnast enn lagfæringar.</p>	<p>Sérkennsluhergergi sé fullt af aðgengilegu efni og tekist hefur að skipuleggja það og flokka vel eftir notkunargildi</p>



6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt í bækur, spil og námsgögn. Einnig fengum við öpp í spjaldtölvur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Myndrænt dagskipulag var vel notað á þessu ári sem og lyklakippur um háls starfsmanns með myndrænu dagskipulagi á meðan á aðlögun stóð. Daglegar lestrar og söngstundir eru fastir liðir. Gefðu 10, gekk ekki eins vel að fylgja eftir og mun það vera hluti af umbótaáætlun fjöltyngis.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru nýttar í söng og lestur bóka, eins eru lubbastundir á morgnana og lubbastjórar vikunnar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við nýttum hæfniramma, gefna út af Menntamálastofnun, til að kortleggja stöðu barnanna og munum halda því áfram til þess að fylgjast með framförum tvítyngdra barna. Einstaklings áætlanir eru gerðar fyrir þau börn sem áhyggjur eru af og lögð er áhersla á að vinna náið með foreldrum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það mætti vinna betur markvisst að öllum þessum þáttum. Við munum bæta okkur í tengslamyndun við öll börn sem eiga í litlum samskiptum við starfsfólk og bæta markvisst úr því. Með betri tengslamyndun og samskiptum er hægt að vinna betur að þessum þáttum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur



Inngilding (e. <i>inclusion</i>) og virk þátttaka	Huga að jákvæðum samskiptum og efla tengsl við fjöltyngd börn Nota auk þess Gefðu 10 markvisst á deildum	Starfsmenn gera tengslakönnun á deildarfundum og vinna markvisst að því að bæta tengsl við þau börn sem eiga í litlum samskiptum við kennara og starfsfólk.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Tengsla-kannanir starfsmanna og fundargerðir deildarfunda gefa yfirsýn í lok árs.	Að sem flest börn séu komin að innsta hring í tengslakönnunum starfsmanna
Leikefni	Gæta þess að leikföng endurspegli fjölbreytileika samfélagsins	Fara yfir efnivið og bæta hann þannig að hann endurspegli fjölbreytileika samfélagsins	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskól astjóri, deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Metið í lok árs hvernig fór	Leikföng eru orðin fjölbreyttari
Flæðilestur	Halda áfram að fjölga bókum og hjálpargögn um fyrir flæðislestur	Flæðilestur innleiddur bæði á yngri og miðdeild og jafnvel á elstu deild eftir þörfum.	Málörvunartey mi	Haust 2023	Vor 2024	Málörvunarte ymi metur hvernig gengur á teymisfundum	Flæðilestur er kominn á fullt með nóg af bókum og hjálpargögnum

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í vor og gengu þau vel. Í samtölum kom fram almenn ánægja og bjartsýni á meðal starfsfólks. Starfsfólk fékk fræðslu um Skapandi umhverfi og umhverfi sem áskorun frá Skóla og frístundasviði, fræðslu frá Miðju máls og læsis um málörvun fjöltyngdra barna, gæðamálörvun í daglegu starfi og Gefðu 10. Einnig var fræðsla um kvíða ungra barna. Tveir starfsmenn voru sendir á PCS námskeið og einn í EFI-2 námskeið. Eins fór starfsmaður í Fagnámskeið leikskóla 1 og 2 á vormánuðum. Sigga Kling kom í smá hópefli á starfsdegi.

Á næsta ári stefnum við á:

- Fræðslu um ADHD hjá börnum
- Deildarstjórar fara á námskeið Menntafléttunnar: *Deildarstjórinn sem faglegur leiðtogi í leikskólastarfi*
- Skyndihjálparnámskeið með öðrum leikskólum hverfisins
- Fræðslutilboð frá endurmenntun HÍ og frá SFS verða skoðuð og nýtt eftir þörfum
- Fræðslu um flæði í leik
- Fræðslu um starfsánægju



8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin fóru einu sinni í heimsókn í Melaskóla; í íþróttatíma, á bókasafnið og heimsókn inn í bekk og svo í frístundamiðstöðina.

Í sambandi við skil á milli skólastiga eru skilafundir vegna barna sem njóta sérkennslu á vorin. Auk þess skilum við HLJÓM-2 niðurstöðum allra barnanna í skólann. Sérkennslustjóri mun ræða sérstaklega við umsjónakennara að hausti ef þeir eru ekki viðstaddir skilafundi (ef ekki er búið að ráða kennara fyrir haustið).

9 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinnan byggist upp á daglegum samskiptum þegar börnin eru að koma og fara. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti börnunum og að það sé alltaf hægt að ræða við deildarstjóra, sérkennslustjóra eða aðra stjórnendur. Foreldrar og aðstandendur komu í jólakaffi í desember, konudags og bóndadags kaffi var haldið eftir gömlum siðum leikskólans eftir stutta pásu undanfarin ár. Foreldraráð skipulagði sumarhátíð sem haldin var 28. júní.

- **Foreldraráð:** 3 fulltrúar. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og skólanámskrá. Kosið að hausti.
- **Foreldrasamtöl:** Foreldrasamtöl voru tvisvar, eitt að hausti og eitt að vori. Fyrra viðtalið var í lok október og seinna í lok maí. Í seinna viðtalinu var foreldrum boðið að skrá sig á foreldrasamtal eftir þörfum vegna plássleysis í húsnæðinu. Í foreldrasamtali að hausti 2022 taka foreldrar þátt í að setja markmið í einstaklingsnámskrá barnsins. Túlkar eru pantaðir eftir þörfum. Niðurstöður og aðgerðaráætlanir út frá hljóm-2 athugunum eru ræddar í foreldraviðtölum hjá elsta árgangi. Foreldrar geta óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þarf þess fyrir utan. Almennt hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti.
- **Aðlögun:** Aðlögun hefur gengið vel með nokkrum breytingum þó vegna aðstæðna.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 21. ágúst (sameiginlegur starfsdagur leikskóla)
- 27. október (vetrarfrí grunnskóla)
- 1. desember
- 24. apríl (námsferð)
- 26. apríl (námsferð)
- 17. maí (Menntastefnumót)



11 Fylgigögn

Nafn skóla: **Vesturborg**

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Samband íslenskra sveitarfélaga

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ	JULÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 M	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 M	9 Þ	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 Þ
11 F	11 M	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 Þ	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 F	14 F	14 M	14 M	14 F	14 Þ	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 S
15 L	15 S	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 Þ	15 F	15 L	15 M	15 F
16 S	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 Þ	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 S
18 F	18 S	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 Þ	18 F	18 L	18 M	18 F
19 M	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 L	20 S	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 Þ	20 F	20 L	20 M	20 F
21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 M	21 L	21 M	21 F	21 L
22 M	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 F	22 Þ	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 S
23 L	23 S	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 Þ	23 F	23 L	23 M	23 F
24 S	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 M	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M	25 F	25 Þ	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 S
26 L	26 S	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 Þ	26 F	26 L	26 M	26 F
27 S	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 F	28 F	28 M	28 M	28 F	28 Þ	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 S
29 L	29 S	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 Þ	29 F	29 L	29 M	29 F
30 S	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 M	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 F	31 Þ	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 S

11.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Deep Shika

26. júní 2023

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Vesturborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Angeline Nelima Stuma

Helga Heiðdís Sölvadóttir

Reynir Albert Þórólfsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráðið hefur farið yfir starfsáætlun Vesturborgar og samþykkir hana einróma. Hún er faglega unnin, fer yfir hluti sem skipta máli og stefnir í rétta átt.

Eins og fram kemur í greinargerð leikskólastjóra hefur ýmislegt gengið á undanfarin ár. Hvernig tekist hefur verið á við þær brekkur er að okkar áliti algjörlega til fyrirmyndar. Í gegnum heimsfaraldur, húsnæðisskort og viðgerðir hefur starfsfólk Vesturborgar ávallt haft hag barnanna í algjörum forgangi og fundið ótrúlegustu lausnir. Einstök hlýja starfsfólksins hefur veitt okkur foreldum og ekki síst börnunum mikið öryggi sem er ómetanlegt.

Traust okkar til þeirra er skilyrðislaust.



